

lokið. Eigi verður bú hans heldur tekið til gjaldþrotaskipta frá sama tíma. Nú **109**  
 takast eigi samningar og bú lánbeiðanda er tekið til gjaldþrotaskipta, áður en sex **14. nóv.**  
 mánuðir eru liðnir frá því er samningaumleitunum lauk, og við skiptin kemur  
 í ljós, að hann hefir brotið gegn ákvæðum 11. gr. og má þá með málssókn rifta  
 þeim samningum og greiðslum, er ólöglega hafa farið fram samkvæmt reglum gjald-  
 þrotaskiptalaga, enda sé málssókn hafin innan sex vikna frá því er búskipti byrja.  
 Tímabilið frá því er skuldaskilanevnd hefir tekið við lánbeiðni og þangað til samn-  
 ingaumleitunum er lokið, telst ekki með fyrningartíma ábyrgðarskuldarinnar né  
 neinna réttargerða út af henni, sem fram kunna að hafa farið, áður en lánbeiðnin  
 barst nefndinni í hendur.

14. gr.

Nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara getur atvinnuálaráðuneytið, ef  
 þörf þykir, sett með reglugerð.

15. gr.

Um lán samkvæmt lögum þessum gilda ákvæði 27. gr. skuldaskilasjóðslag-  
 anna sem um önnur útlán sjóðsins.

16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Fredensborgarhöll, 14. nóvember 1938.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Skúli Guðmundsson.*

## KONUNGLEG AUGLÝSING

um að ríkisstjórn sé falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs.

110

6. des.

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og  
 Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og  
 Aldinborg,

**Gjörum kunnugt**: Það Vér höfum í hyggju að ferðast til útlanda, viljum  
 Vér samkvæmt lögum 11. febrúar 1871, sbr. 3. gr. dansk-íslenzkra sambands-  
 laga 30. nóvember 1918, að ríkisstjórn í fjarvist Vorri sé falin á hendur ríkis-  
 arfanum.

Því birtum Vér hér með Vorum kærú og trúu þegnum, að hans konung-  
 lega tign krónprins **Christian Frederik Franz Michael Carl Valdemar Georg**  
 tekur við ríkisstjórn í Voru nafni frá þessum degi þangað til Vér komum  
 heim aftur.

*Gjört á Fredensborgarhöll, 6. desember 1938.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*